



Erindi nr. P 139/1290  
komudagur 11. 2. 2011

Alþingi

Austurstræti 6-8  
150 Reykjavík

Reykholti, 11. febrúar 2011  
1102005 SHJ

**Efni: Umsögn um 114. þingmál**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 3. febrúar 2011 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

**Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, 114. þingmál.**  
Frumvarp lagt fram og engar athugasemdir gerðar.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

# Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - fax 4 700 701 - www.fljótsdalsherad.is



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi  
Erindi nr. P 139/1446  
komudagur 23.2.2011*

Fljótsdalshéraði, 22. febrúar 2011  
nr. erindis 201102005 GB

Á 89. fundi Félagsmálanefndar Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Djúpavogshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðar –eystri og Seyðisfjarðar 21. febrúar. 2011 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

## **Frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál**

*Frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna) Lagt fram til umsagnar Félagsmálanefndin gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um félagslega aðstoð.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félagsmálanefndar Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Djúpavogshrepps,  
Vopnafjarðarhrepps Borgarfjarðar- eystri og Seyðisfjarðar.

  
Guðlaug Bachmann

Alþingi  
Félags-og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar, 2011

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2007  
**Þskj. 123-114.mál.**

Vísað er í ofangreint lagafrumvarp og breytingar sem þar eru lagðar til. Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga fagnar eðli málsins samkvæmt þá rýmkun sem lagt er til í breytingum á lögnum að umönnunargreiðslur verða heimilar til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með elli- eða örorkulífeyrisþegum. Ennfremur er það til bóta að umönnunargreiðslur hækka úr kr. 97.388,- í allt að kr. 113.944,- Eðli málssins samkvæmt er þriðja breytingin að felld verði úr lögum skilryði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi sjálfssögð og rýmkar þannig heimild laganna.

Fyrir liggur að kostnaður á hjúkrunarrými er nálægt kr 500.000,- Landssamtökin taka undir það að mikill sparnaður getur myndast með þessum lagabreytingum fyrir ríkið. Á móti telja landssamtökin að sú hækkun sem áætluð er í krónum enga veginn nægjanleg við margar kringumstæður. Hafa ber í huga að nægjanlegt hjúkrunarrými er ekki til staðar fyrir elli-og örorkulífeyrisþega þegar þörfin kemur upp oft skyndlilega og án fyrirvara.


Landsamtökin telja rétt að gera verði ráð fyrir því að umönnun gæti snúist um það að aðstandendur elli-eða örorkulífeyrisþega gætu þurft að grípa inn í tímabundið eða til langframa að sinna sjúkling 100% og hverfa jafnvel frá launuðu starfi til að takast á við umönnun. Þegar slíkar aðstæður koma upp er ofangreind fjárhæð engan vegin nægjanleg til framfærslu umönnunaraðila.

Sú skylda hvílir á hinu opinbera að takast á við það félagslega verkefni að sinna elli-og örorkulífeyrisþegum og útvega hjúkrunarrými þegar aðstæður krefjast þess. Fyrir liggur að hjúkrunarrými eru ekki nægjanleg og gæti því þurft að notast við umönnun aðstandenda eða

vina sjúklinga. Landssamtökin benda á þann mikla sparnað sem skapast hjá ríkinu við það að greiða umönnunarbætur sbr. ofangreint. En við sérstakar aðstæður þegar t.d. umönnunaðili er tilbúinn að hverfa úr 100% starfi til að takast á við umönnunn sjúklinga í heimahúsi er 113.944,- ekki nægjanleg fjárhæð.

Landssamtökin engu að síður fagna þeim breytingum sem nú eru lagðar til með þeim athugasemdum sem fram koma í bréfi þessu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Hjartaheilla  
landssamtaka hjartasjúklinga

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sveinn Guðmundsson', written in a cursive style.

Sveinn Guðmundsson, hrl.  
varaformaður



Alþingi  
Erindi nr. B 139/1589  
komudagur 4. 3. 2011

## Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is), heimasíða [www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)

Félags- og tryggingamálanefnd  
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur skjalavarðar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 3. mars s.l. var fjallað um umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um félagslega aðstoð. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.“

Flúðum 4. mars 2011

  
Sveitarstjórnin í  
Hrunamannahreppi.  
Jón G. Valgeirsson



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1401  
komudagur 18.2.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Jafnréttisstofa

Akureyri 18. febrúar 2011.


**Efni:** Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál.

Með tölvubréfi, dags. 1. febrúar 2011, barst Jafnréttisstofu beiðni frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Með frumvarpinu er lagt til að hámark umönnunargreiðslna skv. 4. gr. laganna um félagslega aðstoð nr. 99/2007, verði hækkað í kr. 113.944.- Einnig er lagt til að heimildin til að greiða umönnunargreiðslur vegna elli- eða örorkulífeyrisþega verði rýmkuð, þannig að heimilt verði að greiða maka eða öðrum nákomnum sem ellilífeyrisþegann annast umönnunarbætur.

Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið nema þær almennu að meta þurfi hvort fyrirhugaðar breytingar komi við konur og karla með sambærilegum hætti, þ.e. þær leiði ekki til mismununar á stöðu kynjanna að neinu leyti. Einnig þurfi að halda til haga kyngreindum upplýsingum um það hverjir, konur og karlar, fái umönnunargreiðslur og vegna hverra, þ.e. fjölda kvenna og fjölda karla.

Virðingarfyllt  
f.h. Jafnréttisstofu

  
Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



# LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 139/1249*

*komudagur 10.2.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. febrúar 2011.

**Efni:** Frumvarp til laga breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 114. mál, þingmannafrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 114. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 1. febrúar sl.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð sem hafa það að markmiði að rýmka heimildir til greiðslu umönnunargreiðslna til þeirra sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega í heimahúsi. Í gildandi lögum er heimildin takmörkuð við maka eða þann sem á sameiginlegt lögheimili með lífeyrisþeganum. Með frumvarpinu er lagt til að slíkar greiðslur geti runnið til annarra sem eru lífeyrisþeganum nákomnir og annast hann, án tillits til lögheimilis. Þá er lagt til í frumvarpinu að fjárhæð umönnunargreiðslna hækki.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breytingarnar muni sérstaklega gagnast aðstandendum Alzheimer-sjúklinga og annarra sem þurfa stöðuga umönnun og athygli og stuðli að því, frekar en þegar er, að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra. Í greinargerð frumvarpsins er því haldið fram að þrátt fyrir hækkun greiðslna verði kostnaður við umönnun í hverjum mánuði einungis sem svarar einnar viku kostnaði við hjúkrunarrými. Því megi leiða að því sterkar líkur að breytingin leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð.

LÍ telur af hinu góða að rýmka þann hóp einstaklinga sem þegið geta umönnunargreiðslu fyrir aðstoð sem veitt er elli- eða örorkulífeyrisþega. LÍ bendir þó á að greiðsla kostnaðar vegna umönnunar elli- og örorkulífeyrisþega í heimahúsum er einungis brot af þeim kostnaði sem til fellur. Það er því ólíklegt annað en að rýmkun á hópnum sem þegið getur slíkar greiðslur og hækkun greiðslnanna leiði til heildarhækkunar útgjalda.

Að öðru leyti telur LÍ ekki ástæðu til að tjá sig um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1623  
komudagur 9.3.2011

Alþingi, nefndasvið  
Kirkjustræti  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


Mosfellsbæ, 09.03.2011  
nr. erindis 201102096 uvi

**Efni: Umsögn fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um félagslega aðstoð sbr. 139. löggjafarþing 2010–2011. Þskj. 123 — 114. mál.**

1017. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 17. febrúar 2011 samþykkti að vísa erindinu til framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs og fjölskyldunefndar til umsagnar.

171. fundur fjölskyldunefndar 8. mars 2011 sem tók málið til umfjölunar gerir ekki athugasemd við frumvarpið.


Virðingarfyllst,  
f.h. fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Virðingarfyllst,  
  
Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





Alþingi  
Erindi nr. P 139/1607  
komudagur 8.3.2011



**Félagsþjónusta Norðurlands**

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK. Sími: 464-6100 kt: 640169-5599

Nefndarsvið Alþingis

Húsavík, 3. mars 2011  
nr. erindis 201102007

Efni: Beiðni um umsögn nefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

Á fundi Félagsmála-og barnaverndarnefndar Norðurlands í gær var eftirfarandi bókun gerð:

„Félagsmála-og barnaverndarnefnd Norðurlands sér ekki ástæðu til að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.“

Virðingarfyllst,


*Freydís J. Freysteinsdóttir*

Freydís Jóna Freysteinsdóttir  
félagsmálastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1205  
komudagur 2.2.2011

Félags- og tryggingamálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 2. febrúar 2011

Tilvísun: 2011020133VEL/--


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 1. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (114. mál á 139. löggjafarþingi, þskj. 123).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð þannig að núverandi hámark umönnunargreiðslna til framfæranda fatlaðara og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, verði hækkað úr 96.978 kr. á mánuði í 113.944 kr. á mánuði.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllt

  
Vigdís Eva Línadal



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1539  
komudagur 1.3.2011



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 24. Febrúar 2011


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál**

Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd þakkar fyrir að fá tækifæri til að skoða og fjalla um framkomid frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð.

Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd styður þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. um að upphæð greiðslna hækki í kr. 113.944. Þá er einnig tekið undir þá rýmkun sem felst í tillögunum í 2. gr. þannig að unnt sé að veita ættingjum eða nánnum vinum örorkulífeyrisþega umönnunargreiðslur.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Júlíusdóttir

  
Anni G. Haugen

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1223  
komudagur 7.2.2011



REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 3. febrúar 2011  
Tilvísun: 2011010607

**Efni: Frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál**

Á fundi bæjarráðs Reykjanessbæjar þann 3. febrúar 2011 var til afgreiðslu erindi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 1. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:  
Bæjarráð tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanessbæjar

Elísabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjartjóra.

Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
Póstfang 230

Sími: 421 6700  
Bréfasími: 421 4667

reykjanessaer@reykjanessaer.is



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1248  
komudagur 10. 2. 2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2011 02-2011020013  
T-ums 05/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 - 114. mál, þskj. 123.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 1. febrúar 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að hækka hámark umönnunargreiðslna til framfærenda fatlaðra og langveikra barna sem dvelja í heimahúsi eða á sjúkrahúsi. Jafnframt er lagt til að ákvæði 5. gr. laga nr. 99/2007 verði rýmkað þannig að umönnunargreiðslur verði heimilaðar til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með elli- eða örorkulífeyrisþeganum. Er þá miðað við að sá sem greiðslurnar fær sé nákominn lífeyrisþeganum.

Það er álit ríkisskattstjóra að efni frumvarpsins falli utan við verksvið embættisins og gerir af þeim sökum ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1296  
komudagur 14.2.2011



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10.

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, 114. mál**

Félags- og tryggingamálanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál, sbr. þingskj. 123.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun á hámarki umönnunargreiðslna til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, rýmkuð heimildarákvæði um hverjir geti átt kost á umönnunargreiðslum og að fellt verði úr gildandi lögum skilyrði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi og þannig verður heimild laganna rýmri en áður.

Samtök atvinnulífsins eru fylgjandi því að auka möguleika aldraðra til að geta verið sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra. Kostnaður ríkisins við þau úrræði sem stuðla að slíku eru flest ef ekki öll ódýrari en kostnaður á hjúkrunarrými. Rýmkun á heimild laganna þannig að einstaklingar nákomnir lífeyrisþeganum aðrir en maki geti fengið greiddar umönnunargreiðslur fyrir að annast elli- eða örorkulífeyrisþega er líkleg til að lengjan þann tíma sem lífeyrisþeginn getur dvalið heima. Samtökin taka því undir þetta ákvæði frumvarpsins. Samtökin taka hins vegar ekki afstöðu til þess hvort hækka skuli fjárhæð umönnunargreiðslna með öðrum hætti en þeim að benda á að útgjöld ríkissjóðs eru nú hærri en samræmist markmiðum stjórnvalda um jöfnuð í ríkisfjármálum til lengri tíma.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Selfossi, 15. febrúar 2011

1010005SA ÞH

*Alþingi**Drindi nr. Þ 139/1354**Þriðjudagur 15.2.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni  
aldraðra, 114.mál**

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 11. febrúar sl., var eftirfarandi umsögn samþykkt:

„Stjórn SASS er sammála markmiðum frumvarpsins en bendir á að um leið og fjölbýli er breytt í einbýli þá fækkar húkrunarrýmum. Til að viðhalda þeim fjölda húkrunarrýma sem nú er til staðar, sem raunar þarf að fjölga verulega í samræmi við niðurstöður vistunarmats fyrir árið 2010, þá þarf ríkið jafnframt að stórauka framlög til uppbyggingar hjúkrunarrýma.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1478  
komudagur 25.2.2011



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Selfossi, 24. Febrúar 2011

**Umsögn um þingmál nr. 114, frumvarpi til laga um félagslega aðstoð**

Félagsmálanefnd fagnar breytingum á frumvarpi til laga um félagslega aðstoð en mikilvægt er að skoða fjárhagslega stöðu þeirra sem velja það að sinna öldruðum eða fötluðum einstaklingi og tryggja að þeir búi við viðunandi lífskjör. Hækkunin er nauðsynleg þegar horft er til hækkunar á lyfjum, matvælum og annarri þjónustu sem þessir hópar þurfa á að halda. Þeir aðilar sem taka að sér umönnunarhlutverkið þurfa einnig að geta nýtt sér þá þjónustu sem stendur þeim til boða í samfélaginu s.s. heimahjúkrun, heimaþjónusta, dagvistun ofl.

f.h. félagsmálanefndar Árborgar,  
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir,  
félagsmálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1417  
komudagur 21. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. febrúar 2011  
RH/SLB/008/2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 114. mál**

Vísað er til tölvubrúfs dags. 1. febrúar 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Frumvarp þetta mun vera endurflutt varðandi rýmri ákvæði um umönnunarbætur og hefur Tryggingastofnun áður fengið slíkt frumvarp til umsagnar. Vísað er til umsagnar stofnunarinnar þann 14. desember 2007, sbr. og einnig umsagnar þann 24. nóvember 2008, en þær eiga að mestu leyti enn við.

Fyrst ber að nefna að núverandi lagagrein um maka- og umönnunarbætur er vandasöm í framkvæmd. Hinar sérstöku aðstæður sem getið er í 5. gr. laganna eru nánar tilgreindar í reglum nr. 407/2002 þ.e. umönnunarpörf elli- eða örorkulífeyrisþega og tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda (umönnunaraðila) eða lífeyrisþega. Það er síðan hlutverk stofnunarinnar að meta nánar hversu alvarlegur sjúkdómur eða erfiðleikar þurfa að vera til staðar og hve mikil tekjuskerðing þarf að vera.

Framlagt frumvarp gerir ráð fyrir rýmkuð heimilda á þann veg að fallið verði frá því að skilyrða aðstoð við sérstakar aðstæður, þ.e. umönnunarpörf lífeyrisþega og tekjuskerðingu. Það myndi óneitanlega opna fyrir fleiri aðila að fá umönnunarbæturnar en um leið valda stofnuninni meiri erfiðleikum en áður við að ákveða hvenær réttur til bóta sé fyrir hendi, t.d. hversu alvarleg veikindi falli undir viðmiðin, hversu mikil tekjuskerðing hafi átt sér stað og hvort önnur viðmið eigi að koma til skoðunar.


Almennt má segja að það geti verið ákveðinn hagur í að rýmka heimildir til að greiða umönnunaraðila sem er ekki með lögheimili á sama stað. Sú rýmkuð yrði þá að vera með þeim hætti að settar yrðu skýrar reglur um það, hvenær aðili nákominn lífeyrisþega teljist uppfylla skilyrði fyrir greiðslum.

Í greinargerð er rætt um sambættingu 4. og 5. gr. laganna sem ekki er að finna í fyrirhuguðum laxatexta. Í þessu sambandi skal m.a. bent á það, að 4. gr. laganna fjallar um umönnunargreiðslur til foreldra barna, þ.e. framfæranda þeirra, þar sem greiðslur byggjast á því að andleg eða líkamleg hömlun barns hafi í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Sú hugsun sem þar liggur að baki samræmist ekki þeim breytingum á maka- og umönnunargreiðslum sem fyrirhugaðar er með frumvarpi þessu en þær fela í sér að fyrri skilyrði bótanna eru felld niður.

Tryggingastofnun ríkisins  
Laugavegi 114  
150 Reykjavík  
Sími: 560 4400  
Bréfsími: 560 4451  
tr.is

Loks skal á það bent að skv. frumvarpinu virðist einnig vera vilji til að samræma fjárhæðir skv. 4. gr. og skv. 5. gr. Í ákvæði 4. gr. er fjárhæðin skv. orðanna hljóðan 96.976 kr. en sú fjárhæð hefur verið hækkuð með reglugerðum í samræmi við ákvæði 14. gr. laganna og 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Skv. reglugerð nr. 1010/2010 um fjárhæð bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011 er fjárhæð umönnunargreiðslna nú 117.176 kr. á mánuði. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir lækkun umönnunargreiðslan vegna barna skv. 4. gr. Fjárhæð 5. gr. miðast hins vegar við allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga og er í dag kr. 98.482, sbr. reglugerð 1010/2010.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lillý Baldursdóttir

Sigríður Lillý Baldursdóttir  
forstjóri



Alþingi  
Erindi nr. E 139/1382  
komudagur 18.2.2011

## UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 16. febrúar 2011  
UB:1102/4.1.1

**Efni: Frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), 114. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að núverandi hámark umönnunargreiðslna til foreldra fatlaðra og langveikra barna verði hækkað. Umboðsmaður barna fagnar þessari breytingu, enda er sérstaklega mikilvægt að ríkið tryggi fötluðum og langveikum börnum sérstaka aðstoð og stuðnings, eins og meðal annars kemur fram í 23. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna

Alþingi  
Erindi nr. E 139/1353  
komudagur 15.2.2011



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

Reykjavík 15. febrúar 2011

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007

114. mál

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum styður og fagnar frumvarpi um hækkun á umönnunargreiðslum.

F.h stjórnar Umhyggju,

*Ragna K. Marinósdóttir*

Ragna K. Marinósdóttir

Alþingi

Erindi nr. P 139/1250

komudagur 10. 2. 2011



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 9. febrúar 2011

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um félagslega aðstoð (hámark umönnunargreiðslna), mál nr. 114.

**Landssamtökin Þroskahjálp mæla eindregið með samþykkt þessa frumvarps.**

Núverandi umönnunargreiðslukerfi til framfæranda fatlaðra og langveikra barna hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Varanleg vistun fatlaðra barna var nokkuð algeng á Íslandi fyrir tilkomu greiðslna til foreldra. Nú heyrir slík vistun til algjörra undartekninga. Þroskahjálp hefur á undanförmum árum barist hart fyrir því að umönnunargreiðslukerfinu verði ekki kollvarpað vegna skammtímasjónarmiða um sparnað ríkisútgjalda. Samtökin hafa itrekað bent á, að sérstaklega þurfi að huga að því að greiðslur í 1. flokki (hæstu greiðslunnar) haldi verðgildi sínu. Þær greiðslur eru greiddar foreldrum mest fötluðu einstaklinganna, þeirra einstaklinga sem áður hefðu í einhverju mæli verið vistaðir á stofnunum. Það er því bæði hagsmunir barna og fjölskyldna og ekki síður samfélagslegir hagsmunir að styrkja þessa foreldra til að annast börn sín á heimilum sínum. Þess má geta að líklegt er að vistun barns í fötlunarflokki 1 muni ekki kosta undir 1 milljón kr. á mánuði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P/139/1445  
komudagur 23. 2. 2011



## Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík  
Sími: 585 9502 ■ margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

Reykjavík, 20. febrúar 2011.

### Umsögn um þingmál nr. 114, frumvarpi til laga um félagslega aðstoð

Stjórn Öldrunarráðs Íslands fagnar breytingum á frumvarpi til laga um félagslega aðstoð en leggur áherslu á að skoða þurfi áhrif breytinganna á tekjur líffeyrisþega og aðra þá þjónustu sem viðkomandi einstaklingum stendur til boða.

Tryggja þarf að rýmkunarákvæði frumvarpsins leiði ekki til skerðingar á annarri nauðsynlegri þjónustu sem einstaklingar þurfa á að halda og tryggir sjálfstæða búsetu á eigin heimili, s.s. heimahjúkrun, dagvistun, félagslega heimabjónustu og nauðsynlegar hvíldarinnlagnir.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

Pétur Magnússon  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1479  
komudagur 25. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 123 – 114. mál.**

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, 114. mál.

ÖBÍ styður þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu og stuðla að því að rýmka núverandi lagaákvæði í 5. gr. laga um félagslega aðstoð. Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að hækka skuli mánaðarlega upphæð maka- og umönnunargreiðslna í 5. gr. laganna og sömuleiðis upphæð umönnunargreiðslna í 4. gr. laganna úr kr. 98.482 (skv. frumvarpinu kr. 96.978) í kr. 113.944. Breytingin myndi vafalaust leiða til þess að fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur, sem er jákvætt, og fækka um leið þeim einstaklingum sem þurfa vistunarúrræði. ÖBÍ bendir á að þrátt fyrir hækkunina eru greiðslur vegna umönnunar enn allt of lágar og verðmæti umönnunar fyrir einstaklinginn og samfélagið ekki metin sem skyldi.

ÖBÍ bendir á að í frumvarpinu kemur ekki fram hvernig fjárhæðin kr. 113.944 er tilkomin. ÖBÍ vísar á nýleg neysluviðmið Velferðarráðuneytisins.

ÖBÍ gerir athugasemd við að innleiða í lögina fjárhæð fyrir umönnunargreiðslum í 4. og 5. gr. laganna án þess að setja inn lagaákvæði um hvernig eigi að uppfæra fjárhæðina eða tengja hana hækkun annarra greiðslna almannatrygginga. Ein leið væri að tengja upphæðina við 69. gr. laga um almannatryggingar um leið og sú lagagrein verður virkuð á ný. Ef lagaákvæði fyrir því að uppfæra fjárhæð vantar er sú hæfta fyrir hendi að fjárhæðin haldist óbreytt í áraraddir hvað sem líður öðrum hækkunum eða breytingum.






Í frumvarpinu er enn gert ráð fyrir að hafa lagaákvæðið í formi heimildar. ÖBÍ áréttar að hér ætti að vera um rétt að ræða, en ekki heimild, til að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,



Guðmundur Magnússon  
formaður